

Hluthafasamkomulag Golf-Sel ehf kt.531221-1090

Tilgangur félagsins er að afla fjármuna til þess að veita lán til Golfklúbbs Flúða svo hann geti fest kaup á Selsvelli og tengdum eignum og stuðlað að því að golfklúbbur og golfvöllur sé til staðar á Flúðum Hrunamannahreppi.

Öllum hagnaði félagsins skal ráðstafað til almenningsheilla, samkvæmt 4. tl. 4. greinar laga nr. 90/2003.

Til þess að afla fjár til kaupanna er annars vegar inngreitt hlutafé og hins vegar gefin út hluthafalán frá hluthöfum.

Arður er ekki greiddur til hluthafa.

Hluthafar

3. Grein samþykktá Golf-Sels ehf. hljóðar svo;

„Hlutafé félagsins má vera að hámarki kr. 1.500.000 - einmilljónogfimmhundraðþúsundkrónur - eða sem nemur 300 hlutum á kr. 5.000 og að lágmarki kr. 500.000 – fimmhundraðþúsundkrónur – eða sem nemur 100 hlutum á kr. 5.000. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut. Hver einstakur hluthafi má ekki eiga meira en 10% hlutafjár. Sú kvöð fylgir hverjum hlut í félaginu að lánuð sé tiltekin fjárhæð sem nánar er kveðið á um í hluthafasamkomulagi.“

Hluthafasamkomulag þetta fjallar um lántökur frá hluthöfum og lánveitingu til Golfklúbbs Flúða.

Hluthafalán

Hluthafalán eru tvenns konar, Almenn hluthafalán og Sértek hluthafalán.

Almenn hluthafalán

Við kaup á hverjum hlut kr. 5.000 skuldbindur hluthafi sig til þess að lána félaginu Almenn hluthafalán í formi skuldabréfs að fjárhæð kr. 495.000 þannig að heildar greiðsla til félagsins fyrir hvern hlut er kr. 500.000. Hámarks fjárhæð Almennra hluthafalána er kr. 148.500.000 (495.000 x 300.)

Lánið er til 15 ára og afborgunarlaust og vaxtalaust fyrstu þrjú árin. Eftir það verði 12 jafnar árlegar afborganir og fyrsti gjalddagi er 48 mánuðum eftir útgáfudag skuldabréfs. Vextir fyrir hvert vaxtatímabil skulu taka mið af meðal innlánsvöxtum í Landsbankanum af innlánsreikningi Varðan 60 grunnþrep (nú 1,05%) á tímabilinu auk 1,0 prósentustigs álags, eða sambærilegs reiknings. Fyrsta vaxtagreiðsla er 48 mánuðum eftir útgáfudag skuldabréfs og miðast við fyrra 12 mánaða tímabil. Heimilt verði á lánstímanum að greiða lánið upp eða greiða inn á það að hluta umfram umsamdar afborganir.

Sértæk hluthafalán

Heimilt er að taka Sértæk hluthafalán hjá hluthöfum. Ekkert hámark er á lántökum hjá einstökum hluthöfum nema hvað varðar heimildir til heildarlántöku félagsins. Heildarlántaka félagsins má ekki vera hærrí en kr. 150.000.000 nema með samþykki hluthafafundar í samræmi við samþykktir félagsins. Þessum lántökum fylgir enginn atkvæðaréttur á fundum félagsins.

Félagið gefur út skuldabréf til 15 ára og skal ekki greiða afborgun af höfuðstól fyrstu þrjú árin. Eftir það verði 12 jafnar árlegar afborganir og fyrsti gjalddagi er 48 mánuðum eftir útgáfudag skuldabréfs. Vextir fyrir hvert vaxtatímabil skulu taka mið af meðal innlánsvöxtum í Landsbankanum af innlánsreikningi Varðan 60 grunnþrep (nú 1,05%) á tímabilinu auk 3,0 prósentustiga álags, eða sambærilegs reiknings Fyrsta vaxtagreiðsla er 12 mánuðum eftir útgáfudag skuldabréfs og miðast við fyrsta 12 mánaða tímabil frá útgáfu skuldabréfs. Heimilt verði á lánstímanum að greiða lánið upp eða greiða inn á það að hluta umfram umsamdar afborganir.

Forsenda þess að veita Sértækt hluthafalán er að sami aðili sé Almennur hluthafi í félaginu.

Lánveiting til Golfklúbbs Flúða

Samkvæmt tilgangi félagsins er félaginu heimilt að lána Golfklúbbi Flúða (GF) allt að kr. 150.000.000 til kaupa á golfvelli og tengdum eignum og mögulega til endurbóta á golfvelli og öðrum búnaði. Lánveiting skal vera tvíþætt, Fjárfestingarlán og Viðbótarlán.

Fjárfestingarlán sem verði sama fjárhæð og samtals hlutafé og Almenn hluthafalán, að hámarki kr. 150.000.000. Lánið verði til 15 ára, afborgun og vextir þeir sömu og á Almennum hlutafalánnum Golf-Sels ehf. GF skal veðsetja Golf-Sel ehf. allar eignir sínar (golfvöllur, fasteignir, búnaður og aðrir hagsmunir) til greiðslu lánsins á 2. veðrétti með uppfærslurétti. Veði verður ekki aflétt fyrr en fullnaðargreiðsla allra lána til Golf-Sels ehf. hefur verið innt af hendi. Þá skal í skuldabréfinu vera sú kvöð að Golf-Sel ehf. tilnefni á hverjum tíma 3 einstaklinga úr hópi félaga GF í 5 manna stjórn GF.

Þær kvaðir skulu fylgja þessu láni að selji GF eignir s.s. land eða réttindi skal söluverðmæti þeirrar sölu nýtt fyrst til greiðslu Viðbótarláns frá Golf-Seli ehf. og síðan inn á Fjárfestingalán þar til að það er að fullu greitt.

Viðbótarlán er samsvarandi Sértækum hluthafalánnum Golf-Sels ehf. Lánið verði til 15 ára og afborgun og vextir verði þeir sömu og á Sértækum hluthafalánnum Golf-Sels ehf. GF skal veðsetja Golf-Sel ehf. allar eignir sínar (golfvöllur, fasteignir, búnaður og aðrir hagsmunir) til greiðslu lánsins á 1. veðrétti. Veði verður ekki aflétt fyrr en fullnaðargreiðsla Sértækra hluthafalána til Golf-Sels ehf. hefur verið innt af hendi. Þá skal í skuldabréfinu vera sú kvöð að Golf-Sel ehf. tilnefni á hverjum tíma 3 einstaklinga úr hópi félaga GF í 5 manna stjórn GF.

Þær kvaðir skulu fylgja þessu láni að selji GF eignir s.s. land eða réttindi skal söluverðmæti þeirrar sölu nýtt til greiðslu Viðbótarláns umfram aðrar lánveitingar Golf-Sels ehf.

Til staðfestingar undirrita hluthafar samning þennan.

Reykjavík, xx. xxx